

## AUGLÝSING

### um umferð á Selfossi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Selfoss, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Selfossi:

1. Einstefnuakstur skal vera á eftirtöldum götum:  
Um Sigtún frá Austurvegi norður að Árvegi.  
Um Heiðarveg frá Kirkjuvegi suðvestur að Engjavegi  
Um Viðivelli frá Rauðholti vestur að Reynivöllum.  
Um Birkivelli frá Reynivöllum austur að Rauðholti.  
Um Smáratún frá Kirkjuvegi suðvestur að Engjavegi.  
Um Lyngheiði frá Eyravegi suðaustur að Kirkjuvegi.
2. Bifreiðastöður á einstefnuakstursgötum eru leyfðar hægra megin, miðað við akstursstefnu.
3. Bifreiðastöður á Austurvegi og Eyravegi eru takmarkaðar við eina klukkustund.
4. Umferð um Engjaveg skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart umferð um Tryggvagötu og er stöðvunarskylda á Tryggvagötu á mótum gatnanna.
5. Á milli Austurvegar og Engjavegar hefur Rauðholt aðalbrautarrétt gagnvart öllum aðliggjandi götum, þ. e. Hrísholti, Vallholti og Birkivöllum, og er biðskylda á þeim gagnvart umferð um Rauðholt. Biðskylda er á Rauðholti gagnvart umferð um Austurveg og Engjaveg.
6. Tryggvagata hefur aðalbrautarrétt gagnvart aðliggjandi götum sunnan Engjavegar, þ. e. Fossheiði, Háengi, Starengi, Dælengi, Miðengi, Lágengi, Suðurengi svo og Álfaríma, Gauksríma og Lóuríma og er biðskylda á þeim gagnvart umferð um Tryggvagötu.
7. Á milli Tryggvagötu og Eyravegar hefur Fossheiði aðalbrautarrétt gagnvart aðliggjandi götum, þ. e. Nauthaga, Kirkjuvegi og Gagnheiði, svo og gagnvart raðhúsa- og fjölbýlishúsagötum, sem liggja að Fossheiði að sunnan. Biðskylda er á öllum götum gagnvart umferð um Fossheiði. Biðskylda er á Fossheiði gagnvart umferð um Tryggvagötu og Eyraveg.

Um biðskyldu og stöðvunarskyldu fer eftir 3. og 4. mgr. umferðarlaga.

Reglur þessar um umferð á Selfossi taka gildi og koma til framkvæmda þegar í stað.

*Lögreglustjórnin á Selfossi, 10. október 1980.*

**Páll Hallgrímsson.**